

Nd.

416. Framvarp

til laga um ófriðun sels í Ölfusá.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Ölfusá í Árnessýslu skulu vera ófriðuð selalátur og selalagnir.

2. gr.

Fyrir missi selveiðinytja í ánni, vegna ákvæða 1. gr., skulu koma fullar bætur, eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, og vera árgjald, sem metið er í eitt skifti fyrir öll, sbr. þó 4. gr. Bætur þessar skulu þeir, er laxveiðirjett eiga á hverjum tíma í Ölfusá (Hvítá) og á þeim, er í hana renna, inna af hendi að tiltölu eftir veiðimagni, samkvæmt hlunnindaskýrslum næsta árs á undan. Jafnar sýslumaður gjaldinu niður og innheimtir á manntalsþingi, og fylgir því lögtaksrjettur. Nú er laxveiðirjettur leigður, og greiðir leigutaki þá bætur í stað veiðieiganda.

3. gr.

Ef laxveiði jarða, er bætur hafa hlotið fyrir nytjamissi af selveiði í ánni, eykst frá því sem er, eftir að byrjað er á útrýmingu selsins, þá skulu hagsmunir af þeirri aukningu metnir af dómkvöðnum mönnum til frádráttar bótanum, enda geri 10 þeirra aðilja, er bætur eiga að greiða, kröfu um matið. Nú telja dómkvaddir menn, að laxveiði einhverrar eða allra þessara jarða hafi aukist svo, að aukningin gefi eins mikinn arð og selveiðin áður, og skulu þá bætur fyrir selveiðimissinn niður falla.

4. gr.

Kostnað við mat samkvæmt lögum þessum skal greiða úr sýslusjóði.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.